

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 14. ágúst 2020 í máli nr. 65/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 25. júní 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings við Y, hér eftir varnaraðili. Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila um greiðslu skólagjalda, eftir að sóknaraðili ákvað að hætta námi, sé óheimil. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu á hendur sér um greiðslu skólagjalda fyrir eftirstöðvum af heildargreiðslu fyrir námið.

II

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili skráði sig í nám til löggildingar fasteignasala hjá varnaraðila vorið 2018. Skólagjöld vegna námsins eru alls að fjárhæð 940.000 krónur. Tekur námið tvö ár og er 90 ECTS einingar. Sóknaraðili segir í kvörtun sinni að í umsóknarferli um námið sé ekki vikið sérstaklega að greiðslufyrirkomulagi skólagjalda utan þess að tekið er fram að varnaraðili áskilji sér rétt til að innheimta umsýslugjald að fjárhæð 20.000 krónur ef umsækjandi hættir við nám eftir að umsókn hefur verið samþykkt. Sóknaraðili fékk þær upplýsingar frá varnaraðila að greitt sé fyrir hverja önn áður en hann skráði sig í námið. Þá fékk sóknaraðili tiltekin námskeið metin úr öðru námi og var greiðsla vegna þeirra námskeiða felld niður við greiðslu skólagjalda þá önn sem námskeiðin voru kennd.

Eftir eitt ár í náminu óskaði sóknaraðili eftir hléi á náminu sem var samþykkt. Í apríl 2020 óskaði sóknaraðili svo eftir því að fá að afskrá sig úr náminu. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila þá með tölvupósti þann 28. apríl 2020 að hann væri skuldbundinn til greiðslu fyrir seinna skólaárið þrátt fyrir að hann hyggðist ekki halda náminu áfram. Eftir stæðu tveir reikningar til greiðslu, hvor að fjárhæð 226.000 krónur. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið upplýsingar um slíkt fyrirkomulag greiðslu áður en að sögn varnaraðila voru skilmálarnir sendir í tölvupósti til sóknaraðila þegar hann fékk tilkynningu um inngöngu í námið. Sóknaraðili hafnar því að hafa samþykkt að gangast undir slíka skilmála og telur að enginn samningur þess efnis hafi verið gerður milli aðila.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili felli niður greiðslukröfur vegna síðara námsárs hjá varnaraðila sem báðar eru að fjárhæð 226.000 krónur. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðili felli niður framangreindar greiðslukröfur á hendur sér gegn greiðslu umsýslugjalds að fjárhæð 20.000 krónur.

III

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við

lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt b. lið 2. mgr. ákvæðisins gilda lögin þó ekki um opinbera þjónustu á stigi framhaldsmenntunar eða æðri menntunar.

Varnaraðili er opinber menntastofnun hér á landi sem fjármögnuð er með opinberum gjöldum. Ágreiningur málsins beinist gegn undirstofnun varnaraðila sem er ekki fjármögnuð með opinberum gjöldum en tilheyrir samt sem áður opinberri menntastofnun. Með vísan til b. liðar 2. mgr. 4. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála telur kærunefndin sér þar af leiðandi ekki annað fært en að vísa kvörtun sóknaraðila frá nefndinni.

IV

Úrskurðarorð

Kvörtun X er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. c. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson